

Aðstandendahópur Geðhjálpar stofnaður:

Barist fyrir mannréttindum geðsjúkra

Húsfyllir var á stofnfundi aðstandendahóps Geðhjálpar í gær í húsnæði félagsins við Túngötu. Fundurinn var haldinn undir yfirskriftinni „Fram í dagsljósið“. Markmið aðstandendahópsins er að berjast fyrir því að þeir sem þjást af geðsjúkdómum og aðstandendur þeirra njóti sömu mannréttinda og virðingar og aðrir í samfélaginu. Talsvert sé

um fordóma í garð geðsjúklunga og talsvert vanti upp á að rætt sé um geðsjúkdóma á sama hátt og aðra sjúkdóma.

Eitt helsta vandamál sem geðsjúk-ir glíma við snertir búsetu en úrræði fyrir geðsjúka hafa verið af skornum skammti. Árni Magnússon, félagsmálaráðherra, sat fundinn og þetta var eitt af því sem rætt var um.

Hann sagði frá þeim fyrirætlunum ríkisstjórnarinnar að verja 1,5 milljörðum til uppbyggingar búsetu og endurhæfingar geðsjúkra á næstu fimm árum. Hann sagði að í ráðuneytinu ríkti mikill metnaður til að fylgja málinu eftir og að ráðuneytið sæktist eftir samstarfi við samtök á borð við Geðhjálp.

